

Minnispunktur af fundi Skafta Bjarnasonar oddvita og Kristófers Tómassonar sveitarstjóra með Gesti Þórðarsyni, Hannesi Gestssyni og Agli Gestssyni.

Fundur um hagabeit og girðingamál. Haldinn í Árnesi mánudaginn 23. Apríl kl. 16.

Síðast liðið sumar höfðu eigendur Réttarholts A land á leigu frá hreppnum ásamt því að beita eigið land. Skafti og Kristófer bentu á að óánægja væri með hvernig land sem ekki hefði verið leigt hefði verið nýtt til beitar. Þetta er land sem er viðkvæmt fyrir álagi og ekki eiga að vera skepnur á því. Menn urðu sammála um að girða af annars vegar þá rúmu 9 hektara sem Gestur og synir eiga og hins vegar tún sem hreppurinn mun leigja þeim ef um semst. Hlið verður á milli hólfá. Annað land innan svæðis sem markast af Gnúpverjavegi/ Heiðarbraur/Þjórsárdalsvegi og gamla Þjórsárholtsafleggjara er ekki leigt.

Einnig kemur til greina að leigja blett við Kálfá sem sömu höfðu á leigu síðastliðið sumar.

Það er ósk Gests, Hannesar og Egils eigenda Réttarholts A Inr: 166587 að fá meira land í nágrenni Árnes fyrir sumarið 2018 u.þ.b. tólf hektara.

Þar sem líklegt er að þeir sem nýtt hafa löndin hingað til hafi áhuga á að leigja lönd þau af hreppnum er .

Ganga þarf frá samningum við þá aðila þá mun koma í ljós hvort eitthvað land verður á lausu.

Rætt var um gaddavírsstrengi í girðingu meðfram gamla Þjórsárholtsveginum (sem er nú göngu og reiðleið).